

Funafréttir



1. TÖLUBLAND.

9. ÁRGANGUR.

MARS 2004.

Starfsáætlun Funa 2004.

14. mars	Spilavist, fyrsta kvöldið af þremur í Funaborg.
21. mars	Spilavist, annað kvöldið af þremur í Funaborg.
28. mars	Spilavist, þriðja kvöldið af þremur í Funaborg.
10. apríl	Páskabingó í Funaborg.
22. apríl	Sumardagurinn fyrsti, kaffisala og fleira í Funaborg.
24. apríl	Vorgleði Funa í Funaborg.
Ódagsett	Stökukvöld í Funaborg.
9.-12. júní	Kynbótasýning á Melgerðismelum.
12. júní	Úrtökumót fyrir LM 2004 með Létti.
18.-19. júní	Artic Open Horse Fastival á Melgerðismelum.
25. júní	Kvennareið Funa.
21.-22. ágúst	Gæðingamót og bæjakeppni Funa á Melgerðismelum.
Október	Réttarball í Funaborg.
Nóvember	Hagyrðingakvöld.
Desember	Jólabingó í Funaborg.

Annað sem vert er að muna eftir.

13. mars	Vetrarleikar á Leirutjörn.
20. mars	Mývatn Open á Mývatni.
27. mars	Stjörnutölt í Skautahöllinni.
8.-10. apríl	Páskamót á Hlíðarholtsvelli.
28. júní-4. júlí	Landsmót hestamanna á Gaddstaðaflötum við Hellu.
12.-14. ágúst	Síðsumarsýning kynbótahrossa í Skagafirði.
14.-15. ágúst	Fákaflug á Vindheimamelum.
21.-22. ágúst	Bikarmót Norðurlands á Dalvík.



Funaborg.

Hægt er að fá félagsheimili Funa á Melgerðismelum leigt fyrir ýmsar uppákomur svo sem fundi, veislur, ættarmót, óvissuferðir og aðra mannfagnaði. Allar nánari upplýsingar veitir Jóna á Bringu í síma 463-1242 eða 894-0700.

Húsnefnd Funa.

Frá fræðslunefnd.

Ef einhver lumar á góðu efni fyrir Funafréttir þá eru hér netföng nefndarmanna: Anna Kristín – annakristin@islandia.is Brynjar – bssb@islandia.is Elín – elins@vortex.is

Stjórn og nefndir Funa starfsárið 2004.

Stjórn:

Formaður:	Gunnar Egilson	Grund 2	463-1334
Varaformaður:	Ævar Hreinsson	Fellshlíð	461-2491
Gjaldkeri:	Hörður Guðmundsson	Svertingsstöðum	462-4942
Ritari:	Þorvaldur Hallsson	Ysta-Gerði	463-1265
Meðstjórnandi:	Jóna Sigurðardóttir	Bringu	463-1242
Varamenn:	Brynjar Skúlason og Húni Zóphoníasson.		

Skemmtinefnd:

Formaður:	Þorvaldur Hallsson	Ysta-Gerði	463-1265
	Auður Hallsdóttir	Tröllagili 14	462-2896
	Águst Ásgrímsson	Kálfagerði 1	463-1294
	Þróstur Jóhannesson	Gilsbakka	463-1360
	Ævar Hreinsson	Fellshlíð	461-2491
Til vara:	Þórhallur Þorvaldsson	Ysta-Gerði	463-1265

Barna og unglingsaráð:

Formaður:	Einar Gíslason	Brúnum	462-7288
	Freyr Ragnarsson	Sámsstöðum	463-1571
	Heleen Vis	Finnastöðum	
	Húni Zóphoníasson	Litla-Hamri	463-1216
	Sigurður H. Kristjánsson	Holtsei	557-1537

Mótanefnd:

Formaður:	Þorsteinn Egilson	Grund 2	463-1398
	Sævar Pálsson	Grund 2	463-1334
	Matthías Eiðsson	Möðrufelli	463-1345
	Jón Elfar Hjörleifsson	Hrafnaðili	463-1197
	Águst Ásgrímsson	Kálfagerði 1	463-1294

Húsnefnd:

Formaður:	Jóna Sigurðardóttir	Bringu	463-1242
Innkaupastjóri:	Anna Kristín Árnadóttir	Leifshúsum	462-4916
	Brynjar Skúlason	Hólsgerði	463-1551
	Hörður Guðmundsson	Svertingsstöðum	462-4942
	Elsa Ösp Þorvaldsdóttir	Ysta-Gerði	463-1265
	Auður Hallsdóttir	Tröllagili 14	462-2896
	Hulda Sigurðardóttir	Kálfagerði 1	463-1294
	Ragnhildur Reynisdóttir	Bringu	463-1220
	Anna Rappich	Kristnesi 5	463-1108
	Jóhannes Jóhannesson	Mánahlíð 1	462-5748
	Snæfríð Egilson	Kristnesi 12	463-1363
Til vara:	Hjörðís Bergsdóttir	Skessugili 10	462-1342

Fræðslunefnd:

Formaður:	Anna Kristín Árnadóttir	Leifshúsum	462-4916
	Brynjar Skúlason	Hólsgerði	463-1551
	Elín Stefánsdóttir	Fellshlíð	461-2491

Reiðveganefnd:

Formaður:	Gunnar Egilson	Grund 2	463-1334
	Sverrir Reynisson	Bringu	463-1242
	St. Birgir Stefánsson	Litla-Garði	463-1249

Ferðanefnd:

Formaður:	Sigríður Bjarnadóttir	Hólsgerði	463-1551
	Jóna Sigurðardóttir	Bringu	463-1242
	Karl Karlsson	Jórunnarstöðum	463-1317

Skoðendur reikninga:

Þróstur Jóhannesson	Gilsbakka
Reynir Björgvinsson	Bringu

Starfsskýrsla Húsnefndar.

Í húsnefnd eru 11 manns og einn til vara. Nefndarmenn eru Jóna Sigurðardóttir formaður, Auður Hallsdóttir, Elsa Þorvaldsdóttir, Hörður Guðmundsson, Brynjar Skúlason, Hulda Sigurðardóttir, Anna Rappich, Ragnhildur Reynisdóttir, Jóhannes Jóhannesson, Snæfríð Egilson og Anna Kristín Árnadóttir. Til vara er Hjördís Bergsdóttir.

Formlegir fundir voru a.m.k. 8 talsins og þess á milli var hlutunum bjargað með símhringingum manna á milli. Funaborg var leigð eða lánuð í 12 skipti og voru leigutekjur um 100.000 kr. Nefndarmenn skiptust á um að þrífa og gera húsið klárt fyrir útleigur og aðrar uppákomur. Í mars var brotist inn í Funaborg og stolið bjór og skiptimynt sem þar var geymt. Litlar skemmdir voru unnar en tapið var samt um 25.000 kr. vegna þessa.

Spilavist var haldin 31. janúar og var innkoman 15.000 kr. Veitingasala og kaffi á folaldasýningu 8. febrúar gaf 66.000 kr. og spilavist 21. febrúar gaf 25.000 kr. Spilavist 28. mars skilaði 15.000 kr. og páskabingó 11 apríl gaf 59.400 kr. Kaffisala á sumardaginn fyrsta skilaði 80.700 kr. Kynbótasýningin 5.-7. júní skilaði 78.200 kr. og gædingamótið 14. júní 5.000 kr. Bæjakeppnin 23. ágúst skilaði 64.300 kr. og sala við stóðrétt 4. október og réttarballið skiliðu 54.050 kr. Hagyrðingakvöldið 14. nóvember skilaði 43.000 kr. vegna veitingasölu og jólabingó 6. desember gaf 32.000 kr.

Allir vinningarnir á spilavistunum voru gefnir af nefndarmönnum og fjölskyldum þeirra. Fyrir bæði bingóin var gengið í fyrirtæki á Akureyri og vinningar betlaðir og nefndarmenn gáfu einnig nokkra vinninga. Matur og brauð fyrir kynbótadómara kom af heimilium nefndarmanna og að venju lögðu félagsmenn til kaffibrauð þegar þess var óskað, svo sem fyrir folaldasýningu, sumardaginn fyrsta og bæjarkeppnina. Þá áskotnaðist féluginu einnig ýmislegt frá nefndarmönnum til að nota í Funaborg, svo sem búsáhöld, gardínur og fleira.

Þegar allt er tekið saman, tel ég að nefndin hafi með störfum sínum, skilað féluginu um 600.000 krónum í tekjur starfsárið 2003.

Það sem af er þessu ári hefur nefndin selt veitingar á folaldasýningu þann 31. janúar og haldið 2 spilavistar í febrúar. Framundan eru ýmsar uppákomur og eru félagsmenn vinsamlegast beðnir að sýna þeim meiri áhuga en verið hefur og mæta til leiks. Staðreyndin er nefnilega sú að við í húsnefnd Funu erum ekki að þessu vegna þess að við höfum ekkert annað að gera, heldur vegna þess að félagið þarf á því að halda. Að lokum vil ég þakka nefndarmönnum fyrir vel unnin störf og skemmtilegar samverustundir.

F.h. húsnefndar Anna Kristín Árnadóttir.

Slasað hross.

Þorsteinn Magnfreðsson, verkamaður hjá Ísafjarðarbæ, er mikill hestamaður. Á hann ásamt konu sinni marga hesta og hafa þau hjónin aðstöðu fyrir þá í Hnífsdal. Eitt sinn álpaðist merhross frá Þorsteini í gaddavírsgirðingu og skaddaðist illa á framfæti. Varð af langur skurður á fætinum og var því haft samband við Laufeyju Haraldsdóttur, dýralækni, sem brást skjótt við og mætti á staðinn. Saumaði hún skurðinn saman, vafði umbúðir utan um og sagði svo við Þorstein: "Steini minn, ég þarf ekkert að koma aftur til að líta á merina, þú tekur bara saumana úr sjálfur."

Síðan sýndi Laufey honum hvernig ætti að taka saumana úr. Því næst ráðlagði hún honum eftirfarandi: "Þú tekur umbúðirnar af eftir tíu daga og sprettir svo saumunum úr. Ef vessar úr skurðinum, sem er viðbúið, þá færðu þér bara dömubindi, leggur það ofan á endilangan skurðinn og vefur utan um með límbandi. Svo skiptir þú bara um bindi eftir þörfum." Þetta gekk eftir. Það vessaði úr skurðinum þegar saumurinn var tekinn og Þorsteinn fór í Ísafjarðarapótek til að kaupa dömubindi. Ös var í apótekinu, en loks kom röðin að honum. "Hvað get ég gert fyrir þig?" spurði Kristín Björnsdóttir, afgreiðslukona. "Ég ætla að fá dömubindi," hvíslaði Þorsteinn. "Það eru til svo margar gerðir og stærðir af þeim," sagði Kristín. "Hvernig bindi ætlarðu að fá, Þorsteinn?" "Ég veit það nú ekki," stundi Þorsteinn og bætti svo vandræðalega við: "En rifan er um átján sentimetra löng."

Eru mannalæknar vandasamari en dýra?

Matthías Einarsson læknir og Magnús Einarsson dýralæknir voru góðir kunningjar. Einu sinni deildu þeir um hvort væri meiri vandi að vera læknir manna eða dýra. Magnús hélt því fram að það væri meiri vandi að vera dýralæknir því skepnurnar gætu ekki sagt til hvar skórinн kreppti að. Matthías bar á móti þessu og sagði mun erfiðara að fást við fólk. Nokkru síðar leggst Magnús veikur og er Matthías sóttur til hans. Magnús er þurr á manninn og dregst ekki upp úr honum orð þegar Matthías er að spyrja hvar verkirnir séu, hvernig vanlíðanin lýsi sér og hvenær hún hafi byrjað. Að lokum skrifar Matthías lyfseðil handa Magnúsi, fær konu hans og segir: "Reyndu þessi meðöl en ef þau duga ekki þá er ekkert annað að gera en skjóta hann.

Getnaðarvarnir í KEA.

Roskinn afdalabóndi var í vegavinnu um sumartíma. En þar sem hann átti engin vatnsheld hlífðarföt var honum ráðlagt af félögum sínum að fá sér hlífðarföt eða "verjur" eins og þeir orðuðu það í grandaleyssi. Bónða fannst það þjóðráð. Skömmu síðar fer hann til Akureyrar og leggur þá leið sína tafarlaust inn í Jár- og glervörudeild KEA og spyr hvort þar fáist verjur. Sá er hann talaði við misskildi hann svo herfilega að hann vísaði honum í Stjörnu-apótek. Bónða þótti það all furðulegt en lét þó vera. Kemur hann næst í apótekið og spyr eftir verjum. Jú, honum var sagt að þær fáist og afgreiðslustúlkan sýnir honum eina tegund. Bóndi skoðar hana lítillega en segir síðan gáttáður: "Hvað á ég að gera með þennan fjanda? Þetta kemst ekki einu sinni niður á hausinn á honum Nonna litla!"

Skondnar sjúkraskrár.

Sjúklingurinn er ekki þekktur fyrir að fremja sjálfsmorð.

Að höfðu samræði við lækni féllst hann á að koma sjálfviljugur inn.

Á öðrum degi var hnéð betra og á þriðja degi var það alveg horfið.

Hún rann til á svelli og virðist að lappirnar á henni hafi farið í sitthvora áttina í byrjun desember.

Nú er svo komið fyrir henni að hún getur að mestu hjálpað sér sjálf.

Saga er fengin hjá uppgefnum ættingjum.

Sjúklingur batnar ef lagst er ofan á hann.

Sjúklingur er fertug, að öðru leyti er ekkert athugavert.

Sjúklingur er tilfinningalaus frá tá og niðurúr.

Sjúklingur fær verki í bringunni ef hún liggar á vinstri hlið lengur en í eitt ár.

Sjúklingur hefur formlegar hægðir.

Sjúklingur hefur skilið eftir hvítu blóðkornin á öðrum spítala.

Sjúklingur tárast og grætur stöðugt. Virðist líka vera niðurdreginn.

Sjúklingur hefur verið niðurdreginn alveg síðan hann byrjaði að hitta mig 1983.

Sjúklingur var í góðu ásigkomulagi þangað til flugvélin hans varð eldsneytislaus og hrapaði.

Það sem fyllti mælirinn var þvagleki.

Þegar hann var lagður inn hafði ör hjartsláttur stoppað og honum leið betur.

Sjúklingur lærði söngnám.

Misnotaði áfengi í óhófi áður fyrr.

Sjúklingur borðar reglulegt mataræði.

Tekin var mynd af sjúklingi sem sýndi breytingar í Hafnarfirði.

Það vottar fyrir gyllinæð hægra megin á kálfa.

Skoðun við komu leiddi í ljós unglingspilt.

Útreiðartúr.

Þeysir hestamaður
harla sæll og glaður,
hófaslögin duna,
ymja fell og grund.
Fá sér aðeins leka,
lausu hrossin reka
lífgar upp á vinafund.
Láta stökkva ho-ho-hæ
hrikaleg' er gaman.
Toppurinn á tilverunni!
Teyma undir kellingunni.
Glöð við hleypum saman
söngsins ómar mál
súpt' á aftur vinur.
Skál.

Hnikast sól í vestur,
svitnar margur hestur,
sælt er skjól í lautu,
opnuð nestisskrín.
Bærist lauf á greinum.
Gerist margt í leynum,
gaman er það heillin míن.
Núna hef ég hestakaup
á honum slæga Jarpi.
Kannski fæ ég fleyg í milli,
feiknaleg er kaupasnilli,
sleppum öllu karpi.
Kyrjum gleðibrag.
Kætin hefur völd í dag.

Syngur hestamaður
hress og sæll og glaður,
hófaslögin duna,
magnast taumaskak,
þrotlaust pelinn gengur,
það er ekki lengur,
þrautalaust að fará bak.
“Hávir gerast hestar várir.
Hvar er ístaðsfjandinn?”
Missast tök á tilverunni.
Teymdur heim af kellingunni.
“Svona er djevils landinn,”
hún dæsir viðmótsköld,
“þú drekkur ekki meir’ í kvöld”.

Úr bókinni Gatan syngur gleðilag eftir Birgi Hartmannsson.